

Hrafnhildur Helga Halldórsdóttir

## Einsetulifnaður á Íslandi

Rannsókn á nafngreindum einstaklingum eða hópum  
sem sest hafa í trúarlega einsetu á Íslandi

Verkefni unnið með styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2014 undir leiðsögn  
Steinunnar Kristjánsdóttur, prófessors í fornleifafræði við HÍ og Þjóðminjasafn Íslands.

## Útdráttur:

Í rituðum heimildum er sagt frá fjórum munkum og fimm nunnum sem kunna að hafa lifað í einsetu á Íslandi frá landnámi til 1300. Verkefnið miðaði að því að kanna tilvist þessa einsetufólks en þekkt er að einsetulífnaður (e. *anchoritism*) tíðkaðist samhliða klausturlífnaði (e. *monasticism*) langt fram eftir miðöldum í Evrópu. Farið var yfir heimildir um nafngreint einsetufólk á Íslandi og þær bornar saman við rannsóknir á einsetulífnaði í Evrópu. Þá var farið í vettvangsferðir og ummerkja leitað um veru þeirra hér. Helstu niðurstöður eru þær að nægar heimildir eru fyrir hendi til þess að fullyrða að trúarleg einseta hafi verið stunduð á Íslandi fyrr á öldum og í sama formi og tíðkaðist erlendis. Engar markvissar rannsóknir hafa farið fram á einsetulífnaði hérlandis til þessa. Verkefnið hefur því ekki aðeins gildi fyrir heildarmynd einsetulífnaðar á Íslandi, heldur varpar það einnig skýrara ljósi á sögu hans og útbreiðslu.

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	bls. 3
Aðferð.....	bls. 4
Þátttakendur.....	bls. 4
Aðstaða og áhöld.....	bls. 4
Rannsóknarsnið og framkvæmd.....	bls. 4
Einsetubúar á Íslandi.....	bls. 5
Papar.....	bls. 7
Ásólfur alskik Konálsson, um 900 e. Kr.....	bls. 9
Jörundur hinn Kristni, um 900 e. Kr.....	bls. 14
Máni hinn Kristni, um 950 - 1000 e. Kr.....	bls. 15
Guðrún Ósvífursdóttir, f. 974 e. Kr.....	bls. 17
Guðríður Þorbjarnardóttir, 980 – 1050 e. Kr.....	bls. 21
Hildur nunna, d. 1159 e. Kr.....	bls. 23
Gróa Gissurardóttir, d. 1160 e. Kr.....	bls. 27
Björn einsetumaður, um 1200 e. Kr.....	bls. 28
Úlfrún, um 1200 e. Kr.....	bls. 30
Katrín abbadís d. 1299 e. Kr.....	bls. 31
Niðurstöður.....	bls. 32
Umræður.....	bls. 34
Heimildaskrá.....	bls. 36
Myndaskrá.....	bls. 39

## Inngangur

Fátt hefur verið skrifað um einsetulífnað á Íslandi. Mest ber á upptalningum og þá sérstaklega sem inngangsatriði í yfirlitsritum um sögu Íslands (sjá t.d. Janus Jónsson, 1887, Hjalti Hugason 2000). Lítið er til af eiginlegum rannsóknum fyrir utan rannsókn Kristjáns Eldjárns í Papey og uppgröft W.G. Collingwood í meint leiði Guðrúnar Ósvífursdóttur við Helgafell nálægt Stykkishólmi (Jakob Orri Jónsson, 2010, Jón Stefánsson, 1898).

Markmið rannsóknarinnar er taka saman í eina heild hvers kyns heimildir, jafnt fornleifafræðilegar sem sagnfræðilegar, um einsetufólk á Ísland allt frá landnámi til 13. aldar. Reynt verður að tengja einstaklinga við efnislegar rústir eða byggingar ef mögulegt er. Ennfremur verður gerð tilraun til þess skilja einsetuformið sjálft og þýðingu þess á Íslandi, bæði fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið í heild. Rannsóknin verður þannig sú fyrsta sinnar tegundar þar sem einsetulífnaður héraendis er skoðaður á grundvelli hans sjálfs en ekki sem hliðarstef í sögu íslenskrar kristni. Með því að rannsaka einsetulífnað sem sérstætt fyrirbæri er forvitnilegt að sjá hvort nýr vinkill opnast að þróun kristnivæðingarinnar á Íslandi en einnighvort niðurstöðurnar auki skilning okkar á tengslum Íslendinga við önnur lönd í gegnum trúarlíf fyrir á öldum.

## Aðferð

### Þátttakendur

Verkefnið var unnið í samvinnu við Steinunni Kristjánsdóttur sem er umsjónaraðili þess. Hún útvegaði aðgang að hinum ýmsu gögnum, vinnuaðstöðu og ráðgjöf. Þá var verkefnið unnið í tengslum við verkefni hennar: „Kortlagning klaustra á Íslandi“ sem hún hlaut styrk fyrir úr RANNÍS. Samstarfið hefur verið ánægjulegt og hafa verkefnin tvö tvinnast vel saman.

### Aðstaða og áhöld

Rannsóknin var unnin á Setbergi, skrifstofum Þjóðminjasafns Íslands, með aðgangi að bókasafni, örnefnaskrá, kortum og gagnagrunnum. Einnig var góður aðgangur veittur að gögnum úr rannsókn Steinunnar.

### Rannsóknarsnið og framkvæmd

Þau gögn og heimildir sem stuðst var við í verkefninu voru ritaðar heimildir, örnefni, landakort, túnakort, loftmyndir og fornleifar, auk útgefinna rita um einsetulifnað í Evrópu. Framkvæmd hófst á því að skoðar voru frumheimildir um einsetufólk á Íslandi, svo sem Íslenskir annálar, æviskrár, Fornbréfasafn og rit á borð við *Biskupa sögur* og *Íslendingabók*. Við yfirferð heimildanna var tekið tillit til atriða eins og því hvort heimildin væri samtíða atburðunum sem sagt er frá eða ekki, hvort hún hafi verið skráð af fyrsta eða þriðja aðila loks hvers eðlis frásögnin er en þær geta verið allt frá spádómum upp í formleg bréf.

Hver einstaklingur sem nafngreindur er sem einsetumaður var skoðaður fyrir sig með þessa nálgun í huga og heimildirnar bornar saman við túnakortin, loftmyndirnar, örnefnalýsingarnar, fornleifarnar og áþreifanleg gögn, þ.m.t. forngripi. Að þessu var farið í vettvangsferðir á alla þá staði sem kenndir eru við einsetufólk hérlandis, rústir þar skoðaðar og ljósmyndaðar, sem og örnefni eða annað sem gæti bent til einsetulifnaðar á staðnum. Samantekt var síðan skrifuð um einsetufólkið, auk þess sem líf þeirra og bakgrunnur var borinn saman við þekkt form einsetulifnaðar utan Íslands.

## Einsetufólk á Íslandi

Ellefu einstaklingar á Íslandi eru nafngreindir og titlaðir sem einsetumenn í heimildum frá landnámi til 1300. Auk þess eru þapar oft nefndir í heimildum, án þess að þeir séu nafngreindir sérstaklega, en talið er að þeir hafi verið einsetumunkar frá Írlandi. Hér koma fram í tímaröð upplýsingar um þessa einstaklinga. Athuga þarf að fáar heimildanna eru samtíða atburðunum eða persónunum sjálfum og sömuleiðis að algengt var á síðari tímum að tengja jarðir og staði við kristna og heiðna menn úr fornum heimildum. Þeir kunna því aðeins að byggja á gömlum minnum. Engu að síðar má vel tína út atriði sem eru upplýsandi sé tekið tillit til áðurnefndra vandkvæða og verður ítrustu varkárni því gætt við úrlestur. Jarteinasögur og þjóðsögur eru nefndar en ekki raktar til hlítar.

Rétt er að taka fram að með orðinu einseta og einsetufólk er átt við einstaklinga sem hafa kosið að draga sig úr veraldlegu samfélagi og hélt kaþólska trú af mikilli festu og áfergju í einangrun. Hér er ekki átt við alla þá einstaklinga sem búið hafa einsamlir frá upphafi landnáms. Til aðgreiningar mætti líta á einsetu sem eins konar trúarlegt embætti án þess þó að um eiginlega starfsstétt sé að ræða, en henni fylgdu reglur og skyldur sem einsetufólkið þurfti að fylgja. Einsetufólk gat verið ákveðin byrði á samfélagið en það treysti í miklum mæli upp á góðvild og ölmusu annarra. Til dæmis þótti oft nauðsynlegt að þjónustukonur væru til aðstoðar á heimili einsetufólks. Því þurfti það yfirleitt samþykki annarra samfélagsþegna eða einhvers konar vígslu áður en það gat dregið sig í hlé. Ef einstaklingur þótti ekki halda nógu vel heit sín um einsetu gátu kirkjuyfirvöld ógilt helgi hennar og þar með framfærslu einsetufólksins (Darwin 1954; Herbert McAvoy 2011; Hughes-Edwards 2012).

Einseta er hið upprunalega form klausturlífs. Með henni hófu einstaklingar í fyrsta skipti að draga sig út úr hinum veraldlega heimi til þess að færast nær Guði og biðja fyrir samfélagslegum umbótum. Þess má geta að enska orðið yfir einsetu, *anchoritism*, er dregið af gríska orðinu *ἀναχωρέω* (anakoreo), sem merkir að draga sig í hlé. Mikilvægt er að vera meðvitaður um þessa rót orðsins því hún endurspeglar merkingu einsetulífnaðarins, sem snýst fyrst og fremst um það „að draga sig í hlé“. Með rannsóknarvinnu síðustu ára hefur hins vegar komið í ljós að einsetufólk var oft á tíðum mun hreyfanlegra og tók meiri þátt í amstri dagsins en talið var. Einsetufólk var fyrst og fremst fólk sem þurfti að fæðast og klæðast rétt eins og aðrir. Munurinn var hinsvegar sá að það lét sig ekki varða um slíka veraldleg gæði fyrr en veröldin

sjálf krafðist þess af þeim en sótti ekki sjálf í þau. (Darwin 1954; Herbert McAvoy 2011; Hughes-Edwards 2012).

## Papar

Það er viðeigandi að hefja samantekt rannsóknarvinnunnar með stuttri kynningu á pöpum, sem sumir vilja meina að hafi búið á Íslandi fyrir eiginlegt landnám. Margt svipar til með lýsingum um lífsstíl þeirra og fyrstu nafngreindu einsetumannanna sem bjuggu á Íslandi.

En áður Ísland byggðiz af Nóregi, váru þar þeir menn, er Norðmenn kalla Papa; þeir váru menn kristnir, ok hyggja menn at þeir væri vestan um haf, því at funduz eptir þeim bækr írskar, bjöllur og baglar ok enn fleiri hlutir, þeir er af mátti skilja, at þeir váru Vestmenn; þat fannz í Papey austr ok í Papýli; er ok þess getit á bókum enskum, at í þann tíma var farit milli landanna“ (Landnámabók Íslands 1925, 1).

Papar hafa fengið töluvert meiri athygli en annað einsetufólk á Íslandi. Mörg örnefni vísa til papa á Íslandi og við Norður-Atlantshafið. Þá hafa rannsóknir farið fram á hellum í þessu samhengi (sjá t.d. Brynjúlf Jónsson 1905 og Kristján Ahronson 2002). Einnig stóð Kristján Eldjárn fyrir rannsókn sem Guðrún Sveinbjarnardóttir lauk fyrir hans hönd í Papey. Birti hún niðurstöðurnar í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* árið 1988. Margar aðrar rannsóknir hafa verið gerðar á sviði svokallaðra papa-fræða og eru þær sem dæmi má nefna raktar í BA ritgerðinni „*Þeir es Norðmenn kalla papa*“ eftir Jakob Orra Jónsson (2010).

Miklar efasemdir hafa löngum ríkt meðal sagn- og fornleifafræðinga þegar kemur að rannsóknnum á pöpum og eru margir á þeirri skoðun að papar hafi aldrei komið til Íslands. Þó eru flestir fræðimenn yfirleitt sammála um að vissulega hafi einhverjir haft lausa búsetu á Íslandi fyrir eiginlegt landnám en bókstaflega hryllir við því þegar heitið *papi* nefnt í þeim efnum. Í greininni „Papar komu aldregi til Íslands“ er til dæmis talað um keltómaníu og papista þegar þeir sem skoðað hafa papa eru nefndir (sjá <http://postdoc.blog.is/blog/postdoc/entry/1172077/>). Það eina sem er víst í papafræðum á þessari stundu er það að ómögulegt er að sanna eða afsanna veru þeirra á Íslandi fyrir komu fyrstu landnemanna en segja má á hinn bóginn að þetta neikvæða viðhorf hafi hamlað rannsóknnum á efniviðnum.



Engu að síður er varla hægt að neita því lengur að vísbendingar hafa komið upp á yfirborðið sem benda til veru írskra einsetumunka á Íslandi fyrir hið eiginlega landnám. Ber þá helst að nefna tóftina sem Kristján Eldjárn gróf upp undir Hellisbjargi í Papey. Hann taldi hana vera frá 9. – 11. öld í Papey og líklegustu minjarnar um papa. Hann sagði: „Kemur þar helst til stærð, og að nokkru leyti útlit tóftarinnar, en þar svipar henni nokkuð til húsa sem tengjast frumkristni á Írlandi ... Aldursgreiningin skiptir einnig máli í þessu sambandi“ (Kristján Eldjárn 1989, 127).

Vissulega staðfestir þessi fornleifafundur ekki tilvist papa á Íslandi. Þó er vitað með nokkurri vissu að írskir einsetumunkar stunduðu siglingar í Norður-Atlantshafi frá 6. og allt fram til 9. aldar og leituðu eylanda til þess að iðka trú sína (Hjalti Hugason 2000). Þess má einnig geta að nýjar rannsóknir á koluðum frægögnum benda til þess að einhverjir hafi vanið komur sínar til Færeyja 300-500 árum áður en landnám hófst þar. Mögulega er þarna um einsetumunka að ræða og verður hér ekki komist hjá því hér að álíta að mögulegt sé nú, eða að minnsta kosti líklegra en áður, að þeir hafi líka vanið komur sínar til Íslands fyrir tíma norrænna manna (Church *et al.* 2013).

Hefst nú upptalning á því nafngreinda einsetufólki sem heimildir segja að hafi búið á Íslandi frá landnámi til 13. aldar.

## Ásólfur alskik Konálsson Um 900, Ásólfsskáli/Innri-Hólmur

Í Landnámabók er einsetumannsins Ásólfis getið en hann bjó first á Ásólfsskála undir Eyjafjöllum en síðar á Innra-Hólmi á Akranesi.

Ásólfur hét maður; hann var frændi Jorundar í Gorðum; hann kom út austr í Ósum; hann var kristinn vel ok vildi ekki eiga við heiðna menn, oke eigi vildi hann þiggja mat at þeim. Hann gerði sér skála undir Eyjafjöllum, þar sem nú heitir at Ásólfsskála enum austasta. Hann fann ekki menn. Þá var um forvitnaz, hvat hann hafði til fæzlu, ok sá menn í skálanum á fiska marga. En er menn gengu til lækjar þess, er fell hjá skálanum, var hann fullr af fiskum, svá at slík undr þóttuz menn eigi sét hafa. En er heraðsmenn urðu þessa varir, ráku þeir hann á brutt ok vildu eigi, at hann nyti gæða þessa. Þá færði Ásólfur byggð sína til Miðskála ok var þar. Þá hvarf á brutt veiðr oll ór læknum, er menn skyldu til taka. En er komit var til Ásólfis, þá var vatnfall þat fult af fiskum, er fell hjá skála hans. Var hann þá enn brutt rekinn. Fór hann þá til ens vestasta Ásólfsskála, ok fór enn alt á somu leið. En er hann fór þaðan á brutt, fór hann á fund Jorundar frænda síns, ok bauð hann Ásólfvi at vera með sér, en hann léz ekki vilja vera hjá öðrum monnum. Þá lét Jorundur gera honum hús at Hólme enum iðra ok færði honum þangat fæzlu, ok var hann þar meðan hann lifði ok þar var hann grafinn; stendr þar nu kirkja sem leiði hans er, ok er hann enn helgasti maður kallaður (Landnámabók Íslands 1925, 36)<sup>1</sup>.

Hans er einnig getið í *Skarðsárabók*:

Eðna het d(ottir) Ketils Bersa sonar hon var gift a Irlandi þeim manni er Konall het. Hans s(on) var Asolfr Alscik. Er I þann tima for af Irlandi til Islandz oc kom I Avstfiorðu. Þeir foro xij saman avstann. Þar til er þeim kvamo at garði Þorgeirs hins Horðzka I Holhti undir Eyjafjöllum. Oc settu þar tiald sitt. Enn foronavtar hans iij voro þa siukir. Þeir onduðuz þar. Enn Ion prestur Þorgeirss(on) faðir Grims I Holhti fann bein þeiRa oc flutti til kyrkio. Siþan gerði Asolfr ser skala. Þar nær sem nu er kyrkio hornit af Asolfs Skala. At raði Þorgeirs. Þvi at ÞorgeiR villdi þa eigi hafa við hus sin. A fell við skala Asolfs sialfann. Þat var ondverþann vetr. Ainn varð þegar full með fiscum. Þorgeir s(agði) at þeir sæti I veiðistoð hans. Siþan for Asolfr burt þaðann. Oc gerði annann scala vestr við aðra a. su heitir Ira. Þvi at þeir voro irscir. Enn er menn kvamo til arinnar var hon full með fiscum. Sva at slict undr þottuz menn eigi set hafa. Enn brottu var allt or enni eystri anne. Þa rako hernaðz menn þa brott þaðan. Oc for Asolfr þa til hins vestazta scalans. For allt a somu leið. Bændr kolluðu þa fiolkunniga enn ÞorgeiR quaz hyGia at þeir mundu vera goðir menn. Vm vorit foro þeir brott oc vestr a Akranes. Hann gerði bu at Holme a Kyrkiobolstað. Hans s(on) var Solvi f(aðir) Þorhilldar er atti Brandr. S(on) Þorgrims

<sup>1</sup> Þessi útgáfa Landnámabókar byggir á AM 107 (Sturlubók): „AM 107 fol. Er, som i udg. 1843, lagt til grund, men der er foretaget mindre ændringer hist og her i henhold til de andre håndskrifter, hvor det måtte formodes at 107 var forvansket af afskrivere, et navn fordærvet, nogle ord udfaldne (oversprungne) og lign.“ (*Landnámabók Íslands*, 1925, IX)

Kiallakss(onar) þeiRa s(on) Þorleifr f(aðir) Barðar f(oður) Iofriðar ar atti Arni Torvason. þeiRa d(ottir) Helga er atti Grimr Guðmundars(on). Enn er Asolfr eldiz gerþiz hann einsetu maðr. Þar var kofi hans sem nu er kyrkiann. Þar andaðiz hann oc var þar grafinn at Holmi (Skarðsárbók 1966, 16-17).

Frásögnin af Ásólfí er einnig endurtekin í *Historia Ecclesiastica Islandiae*. Þar er aukið við þátt Jörundar frænda Ásólfis (sjá bls. 14) sem þar er sagður hafa séð Ásólfí fyrir húsaskjólí sem og fæði að Innra-Hólmi við Akranes. Þá virðist höfundur þekkja til staðsetningu grafar hans og segir hann um hana: „inter bovine & villam Holmensem jacentem“<sup>2</sup> (Finnur Jónsson 1778, 21).

Í *Skarðsárbók* og *Hist. eccl.* fylgir með þjóðsaga af Ásólfí, bæði þar sem hann ásækir fólk í draumi (Skarðsárbók 1966; Finnur Jónsson 1778). Þar kemur ennfremur fram staðsetning grafarinnar sem höfundur segir vera „þufu þa er a fíogotu er“ (Skarðsárbók 1966, 17). Gera má þannig ráð fyrir því að þjóðsagan um drauminn segi ekki margt um Ásólf sjálfan eða einsetulífnað hans. Hún ber hinsvegar sterkan keim af minni þar sem leitast er við að tengja sjáanlega þufu við helgan mann.

Undir Eyjafjöllum má finna örnefni Holt, Hóltsodda, Hóltsheiði og Hóltsdal og skammt þaðan frá eru örnefni Ásólfsskáli, Ásólfsskálakirkja, Miðskáli, Ysti-skáli, Írá, Ásólfsskálaheiði og Ásólfsskálaegg, -heiðar, -krókur, -réttar, -tungur og -engi (Örnefnasafn: Ásólfsskálatorfan). Ásólfur kemur til Íslands þegar landnám er enn í gangi og því eðlilegt að hífýli hans séu nefnd eftir honum þegar hann velur sér bústað. Örnefni þurfa þó ekki öll að tengjast Ásólfí en eðli þeirra er þannig að ný örnefni geta skotið upp kollinum síðar án þess að hafa beina tengingu við upprunalegan atburð. Örnefni þjóna þó þeim tilgangi að styrkja minninguna um Ásólf sem augljóst er að ábúendur að Ásólfsskála hafa kosið að halda í síðar meir. Getur verið að það tengist vilja til þess að búa til sterkt kristið minni á svæðinu.



Mynd 1: Útsýni frá Miðskálaá til Ásólfsskála og Ásólfsskálakirkju til vinstri. Mynd tekin af höfundu.

<sup>2</sup> Liggjandi milli fjóssins og Hólmsbæjar [þýtt af höfundu].

Ásólfskálakirkja sú, sem nú stendur að Ásólfskála var flutt þangað árið 1889 frá Holti en „enginn veit lengur með vissu, hvar hin forna kirkja á Ásólfskála stóð, og engin eru þar örnefni, sem benda til hennar“ (Örnefnasafn: Ásólfskálatorfan). Þannig veita upplýsingar um núverandi staðsetningu kirkjunnar takmarkaðar upplýsingar um bústað Ásólf. Rétt er að benda á að tíðkast hefur á Íslandi að reisa nýjar kirkjur á gömlum kirkjustæðum vegna helgunar þeirra og eru því líkur til þess að kirkjustæðið hafi verið það sama frá fornu fari.



Mynd 2: Graslendið sem Ásólfskálakirkja stendur á er hæðótt og virðist sem að kirkjan hafi verið endurbyggð nokkuð oft á sama stað. Mynd tekin af höfundu.

Innri-Hólmur á Akranesi, hvar Ásólfur bjó á efri árum sínum, gengur einnig undir heitinu Ásólfskálakirkja (Adolf Friðriksson 2002, 14-18). Staðsetning kofa og grafar Ásólf er tilgreind í *Hist. eccl.*, í fjósgötu og þar sem kirkjan stóð á þeim tíma sem Landnáma var rituð, á fyrri hluta 12. aldar. Samkvæmt fornleifaskráningu er staðsetning fyrstu kirkju staðarins hins vegar óþekkt og hafa fornleifar ekki fundist í tengslum við hana (Adolf Friðriksson 2002, 21).<sup>3</sup> Val á kirkjustæði ofan á gröf svo heilags manns sem Ásólf Konálssonar virðist þó ekki svo fjarri lagi, sé því haldið fram að gröf hans liggja undir þúfu milli bæjar og fjóss. Þó má telja líklegt að þúfa sú hafi verið notuð til þess eins að ýta undir heilagleik kirkjustaðarins að Innra-Hólmi.

Ásólfur virðist ekki hafa gerst einsetumaður fyrr en hann kom að Akranesi vegna þess að vísað er til hans í fleirtölu að Ásólfskálum auk þess sem að hann á börn á Akranesi samkvæmt *Skarðsárþók*. Því má gera ráð fyrir því að hann hafi kosið einsetuna í elli sinni, eins og vinsælt varð meðal heldra fólks.

---

<sup>3</sup> Stendur enn fremur að kirkja þessi hafi að öllum líkindum verið flutt frá Kirkjubólstað heim að Innra-Hólmi en höfundur skráningarinnar heldur því fram að Ásólfur hafi búið að Kirkjubólstað og vísar þar í orð Skarðsárþókar en að hann hafi gert bú að Hólmi á Kirkjubólstað.



Mynd 3: Útsýni að Innri-Hólmskirkju frá sjávarbakka. Mynd tekin af höfundu

aðrir) einsetumenn við að finna „eyðimerkur norðursins“, eylönd og sker eða háar hæðir og afskekktu dali til þess að búa í (Leask 1977, 11).

Ásólfur og Jörundur frændi hans voru írskir að ættum, þaðan sem einsetuformið var að miklu leyti þróað undir áhrifum hinna svokölluðu eyðimerkurfeðra, strangtrúaðra einsetumanna sem leituðust við að setjast að í eyðimörkum austast við Miðjarðarhaf. Með sama hætti leituðust írskir (og



Mynd 4: Eyjan Innri-Hólmur. Myndin er tekin á fjöru þegar hægt er að ganga út á hana. Á eyjunni sjást uppblásnar tóftir úr fjarlægð. Mynd tekin af höfundu.

Velta má upp þeirri spurningu hvort það sé tilviljun ein að afskekkt eyja liggi beint út af Innra-Hólmi sem ber sama nafn og bærinn, Innri-Hólmur (Örnefnasafn: Innri-Hólmur). Þá hefur verið bent á að sé frásögn Landnámu um Ásólf alskik og Halldór Illugason rauða athuguð er uppruni byggðar á Innra-Hólmi óljós (Þorvaldur Steinason 1968, 885). Þannig er ekki hægt að fullyrða að örnefnið Innri-Hólmur í frásögninni um Ásólf vísi til bæjar frekar en eyju, þar sem ekki er á hreinu hvort bærinn hafi verið stofnaður á þeim tíma sem Ásólfur lifði þar. Í því samhengi má benda á orðalagið „Hann gerði bu at Holme a Kyrkiobolstað“ (Skarðsárbók 1966, 17) og spyrja hvort átt sé við bæinn Hólm eða hólmann í sjónum. Vel má færa rök fyrir því að líklegra sé að Ásólfur hafi byggt kofa sinn á eyjunni Innra-Hólmi frekar en við bæinn á Kirkjubóli í samræmi við írsku einsetu hefð. Á mynd 4 má sjá eyjuna Innra-Hólm, en hægt er að komast út í hana á fjöru og breytist hún þá í eiginlegan hólma. Vert er að geta þess að núverandi ábúandi benti á það að eyjan hafi minnkað og graslendi á henni rýrnað til muna á aðeins 50 árum. Mætti því áætla að hún hafi verið vel byggileg á landnámsöld (Kristín Sigurjónsdóttir, *pers. comm.*, 12. ágúst 2014).

## **Jörundur hinn kristni um 900, Akranes**

Jörundur hinn kristni er nafngreindur í Landnámu. Hann bjó á Akranesi og tók þar síðar á móti frænda sínum, áðurnefndum Ásólfvi alskik.

„Ketill átti Akranes fyrir vestan ok fyrir norðan Akrafell til Aurriðaár; hans son var Jörundr enn kristni er bjó í Görðum, þar hét þá Jörundarholt. Jörundr var faðir Klypps föður Einars, föður Narfa, föður Hávars, föður Þorgeirs“  
(Íslendingabók/Landnámabók 1986, 35).

„Ásólfv hét maður; hann var frændi Jörundar í Görðum ... er hann fór þaðan á brutt, fór hann á fund Jörundar frænda síns, ok bauð hann Ásólfvi at vera með sér,, en hann léz ekki vilja vera hjá öðrum mönnum. Þá lét Jörundr gera honum hús at Hólmi enum iðra ok færði honum þangat fæzlu“ (Íslendingabók/Landnámabók 1986, 36)

Í Skarðsárabók kemur svo fram að hann hafi gerst einsetumaður:

„Iorundur enn cristni var s(on) Ketils Bersa s(onar). Hann bio I Iorudar holti. Þat er nu callat I Gorðum. Hann helt vel cristni il davða dags oc var einsetu maðr i elli sinne. S(on) Iorundar var Kleppr f(aðir) Einars f(oður) Narva“(Skarðsárabók 1966, 16).

Í fornleifaskráningu sem Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson unnu um Akranes (1999, 22) benda þeir á að uppi séu tvær hugmyndir um hvar Jörundarholt hafi verið. Önnur hugmyndin bendir á nýbýlið Steinsstaði en hin segir að það hafi staðið austan við Garða, nálægt merkjum við Kross. Það er því óljóst hvar Jörundur bjó, hafi hann verið til.

Í *Sturlubók* gegnir Jörundur aukahlutverki í sögu Ásólfv Konálssonar og þá sem frændi hans sem veitir honum aðstoð. Í *Skarðsárabók* er hlutverki hans í sögunni hinsvegar aukið og einseta hans undirstrikuð. Lítið kemur aftur á móti fram um líf Jörundar sem einsetumanns og mögulegt er að honum hafi verið ruglað í *Skarðsárabók* saman við frænda sinn Ásólf. Fáum sögum fer af Jörundi og verður því ekki fjölyrt um líf hans hér.

## Máni hinn kristni Um 950-1000, Holt á Ásum

Annar einsetumaður hlaut viðurnefnið „hinn kristni“ á landnámsöld fyrir kristnitökuna árið 1000. Hann hét Máni og bjó að Holti á Ásum.

Svá er sagt að Friðrekr biskup<sup>4</sup> hafi skírt þann mann er hét Máni. Ok fyrir því at hann hélt helga trú með mörgum manndygðum og góðlifnaði var hann kallaðr Máni hinn kristni; hann bjó í Holti á Kólgumýrum; hann gerði þar kirkju; í þeirri kirkju þjónaði hann guði bæði nætr ok daga með helgum bænum ok ölmosugerðum, er hann veitti margháttaðar fátækum mönnum. Hann átti veiðistöð í á þeirri, er þaðan var skammt í brottu, þar sem enn í dag heitir af hans nafni Mánafors, því at á nokkurum tíma þá er hallæri var mikit og sultr, hafði hann ekki til at fæða hungraða; þá fór hann til árinna ok hafði þar nóga laxveiði í hylnum undir forsinum; þessa laxveiði gaf hann undir kirkjuna í Holti, ok segir Gunnlaugr múnkr, at sú veiður hafi þar jafnan síðan til legit. Hjá þeirri kirkju sér enn merki, at hann hefir byggt svá sem einsetumaðr, því at svá sem hann var fjarlæggr flestum mönnum þann tíma í hugskotinu, svá vildi hann ok at líkamligri samvistu firrast alþýðu þys, því at við kirkjugarðinn sér at verit hefir garðhverfa nokkur, er segist at hann hafi vunnit á heyverk á sumrum til þess at fódra við eina kú, þá er hann fæddist við, því at hann vildi afla sér atvinnu með erfíði eiginligr handa, heldr en samneyta heiðingjum, þeim er hann hataðu, ok heitir þar síðan Mánagerði (Biskupa sögur I 1856, 46).



Mynd 5: Tóftir gamla Holtsbæjarins. Mynd tekin af höfundu.

alkunn á svæðinu en hann liggur nokkurn spöl suðaustur frá bænum í ánni Laxá á Ásum. Þá kemur fram í örnefnalýsingu af Holtsbænum að Mánakot séu uppgrónar tóftir í norður frá gamla Holtsbænum, rétt sunnan við merkin við nýbýlið Laxholt (Örnefnasafn: Holt á Ásum, 1). Ennfremur segir í *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* að sjáist til girðingaleifa skammt frá bænum, þar sem kallað var

Lýsingin á einsetu Mána ber með sér að hann hafi tekið einsetu sína alvarlega. Rétt eins og Ásólfrur vildi hann ekki eiga í samskiptum við heiðna menn og upplifði sömuleiðis illvilja úr þeirra röðum.

Ennþá finnast nokkur örnefni í tengslum við Mána. Má þar helst nefna Mánakot og Mánafoss (Örnefnasafn: Holt á Ásum). Staðsetning Mánafoss er

<sup>4</sup> Friðrekrur var saxneskur biskup.





Mynd 6: Dæmi um vel grónar tóftir norðan gamla Holtsbæjarins og sunnan við landamerkin. Mynd tekin af höfundu.

tekið að blása upp á pörtum. Þannig gæti aldursgreining mögulega farið fram án mikillar röskunar á svæðinu.

Mánagerði af gömlum ábúanda (1926, 313). Auðvelt var að koma auga á rústir gamla Holtsbæjarins eftir samtal við staðkunnuga (sjá mynd 5). Þær mátti sjá ofarlega í brekkunni Holtsbundu sem liggur austan við Holt. Nokkrar vel grónar tóftir lágu norður frá honum og sunnan við landamerkin sem mögulega gætu verið frá landnámsöld. Gaman væri að kanna rústir á Holtsbundu frekar en þar er bæði mikið af tóftum auk þess að margar þeirra hafa

## Guðrún Ósvífursdóttir f. 974, Helgafell Snæfellsnesi

Tvær konur eru kenndar við einsetu á landnámsöld í rituðum heimildum. Það eru þær Guðrún Ósvífursdóttir sem bjó að Helgafelli í Helgafellssveit og Guðríður Þorbjarnardóttir sem bjó á Glaumbæ eða Reynistað í Skagafirði. Einkum er fjallað um Guðrúnu í *Landnámabók* og *Laxdælu*.

„Gísl skeiðarnef nam Gilsfjörð milli Ólafsdals ok Króksfjarðarmúla; hann bjó á Kleifum; hans son var Heðinn farðir Halldórsd Garðdalsgoða, föður Þorvalds í Garðsdal, er átti Guðrúnu Ósvífursdóttur“ (Landnámabók Íslands 1925, 73).

Guðrún gerðisk trúkona mikil. Hon nam fyrst kvenna saltara á Íslandi. Hon var löngum um nætr at kirkju á bænum sínum. Herdís Bolladóttir fór jafnan með henni um nætrnar. Guðrún unni mikit Herdísi. Þat er sagt einhverja nótt, at meyna Herdísi dreymði, at kona kæmi at henni; sú var í vefjarskikkju ok faldin höfuðdúki; ekki sýndisk henni konan sviplig. Hon tók til orða: „Seg þú þat ömmu þinni, at mér hugnar illa við hana, því at hon bröltir allar nætr á mér ok fellir á mik dropa svá heita, at ek brenn af öll. En því segi ek þér til þessa, at mér líkar til þín nokkurru betr, en þó svífr enn nokkut kynligt yfir þik; en þó mynda ek við þik semja, ef mér þætti eigi meiri bóta vant, þar sem Guðrún er.“ Síðan vaknaði Herdís ok sagði Guðrúnu drauminn. Guðrúnu þótti góðr fyrirburðurinn. Um morguninn eptir lét Guðrún taka upp fjalar ór kirkjugólfinu, þar sem hon var vön at falla á knébeð; hon lét grafa þar niðr í jörð. Þar fundusk undir bein; þau váru blá ok illilig; þar fannsk ok kinga ok seiðstafr mikill. Þóttusk menn þá vita, at þar mundi verit hafa völuleiði nökkut. Váru þau bein færð langt í brott, þar sem sízt var manna vegr (Laxdæla saga 1943, 223-224).

Í *Laxdælu* segir ennfremur:

„Nú tekur Guðrún mjög að eldast og lifði við slíka harma sem nú var sagt um hríð. Hún var fyrst nunna á Íslandi og einsetukona. Er það almæli að Guðrún hafi verið göfugust jafnborinna kvenna hér á landi ... varð gömul kona og sjónlaus ... andaðist




Mynd 7: Helgafellskirkja og útsýni frá rótum Helgafells til suðurs. Leiði Guðrúnar er í umgirtum reit utan við kirkjugarðinn. Mynd tekin af höfundi.

að Helgafelli og þar hvílir hún“ (Laxdæla saga 1943, 228-229).

Hægt er að lesa nánar um líf og afdrif Guðrúnar Ósvífuradóttur í Laxdælu en hún hefur helst verið þekkt fyrir ummæli sín „þeim var ég verst er ég unni mest“ (Laxdæla saga 1943, 228). Guðrún er sá einsetumaður sem helst hefur verið rannsakaður ásamt Guðríði sem fjallað verður um hér á eftir. Svonefnt leiði hennar er friðlýst við Helgafell (Fornleifaskrá 1990, 27). Þegar Collingwood og Jón Stefánsson ferðuðust um Snæfellsnes 1897 grófu þeir í leiði þetta, sem þá stóð í þýfi (Jón Stefánsson 1898, 39-40). Nokkru síðar sléttaði Jónas Sigurðsson, er flutti að Helgafelli árið 1888, Gamlakirkjugarðinn, hringlaga garðlag sem leiðið liggur innan. Hann hlóð þá upp leiðið frá norðri til suðurs eins og það þótti snúa (Óðinn 1915, 53; Örnefnasafn: Helgafell). Ekki er víst hvenær sléttunin fór nákvæmlega fram en ljóst er af þessu að sögusagnir um staðsetningu leiðisins er að minnsta kosti að finna frá 19. öld. Þess má geta að tveimur áratugum fyrr segir Kålund að leiðið vísi í austur vestur (1985, 77) svo augljóst er að lýsingin hefur tekið breytingum í tímans rás. Þá er leiðið ekki nefnt í örnefnalýsingu eftir Einar prest Gíslason sem bjó á Helgafelli til ársins 1704 þó svo að hann virðist kannast við að Guðrún hafi búið þar (Einar Gíslason 1856, 304). Þannig mætti ætla að þessi alkunna staðsetning leiðisins hafi sprottið upp einhvern tímann á 18. eða 19. Öld (sjá myndir 7, 9, 10 og 11).

Líkt og fyrr var getið var grafið í leiði Guðrúnar af Collingwood og Jóni



Mynd 8: Uppdráttur af leiði Guðrúnar eftir Collingwood. Lögum steinhleðslunnar má sjá til hægri (Jón Stefánsson 1898, myndaviðauki III)..

Stefánssyni árið 1897. Fundu þeir í gröfnni steinhleðslu, viðarkol, beinamold, smáar tennur, járnryð, lítinn fjörusteinn og fægða perlu. Þeir töldu að leiðið væri frá öndverðri elleftu öld vegna steinhleðslunnar (sjá mynd 8) og þeir töldu að tennurnar væru líklegast úr konu vegna smæðar þeirra og að perlan gæti verið úr

talnabandi þessarar fornfrægu einsetukonu, þó svo að á hana vantaði gat (Jón Stefánsson 1898, 39-40). Áhugavert hefði verið að skoða gripina úr uppgreftinum.


Samkvæmt bréfaskriftum Collingwoods setti hann flestallt á sinn stað aftur nema „nokkrar tennur, hluta af höfuðkúpu hennar, hníf og litla perlu“ (Haraldur Hannesson *et al.* 1988, 79-80). Ennfremur segir Jón í endurminningum sínum að perlan hafi verið afhent manni í Stykkishólmi sem beðinn var um að senda hana á Þjóðminjasafnið (Jón Stefánsson 1949, 118-119). Skilin virðist þó hafa misfarist því ekkert finnst í aðfangabókum Þjóðminjasafnsins um perluna eða aðra gripir úr leiði Guðrúnar. Einnig misfórust fyrirætlanir Collingwoods um að halda fyrirlestur um uppgröftinn (Haraldur Hannesson *et al.* 1988, 80). Ekkert var heldur skrifað um uppgröftinn fyrir utan það sem birtist í Árbók Hins íslenska fornleifafélags árið 1898 (Jón Stefánsson, 39-40).

Samkvæmt þessum

upplýsingum er því erfitt að fullyrða um hvort grafið var í raunverulegt leiði Guðrúnar

Ósvífursdóttur eða ekki. Gripirnir voru vissulega fátæklegir, eins og búast má við í gröf einsetukonu en gögnin gefa ekki ástæður til frekari ályktana. Í kristnum gröfum finnast jafnframt sjaldan einhverjir gripir. Jafnvel er mögulegt að um göng sé að ræða frekar en gröf vegna þess að um 2 metra norðan við leiðið er örnefnið „Ábótastofa“, en í örnefnalýsingu er sagt að „undirgangr hafi verið úr henni suður í kirkjuna, hvar til nokkrar fjarvegs-líkur enn nú sjá“ (Einar Gíslason 1856, 304). Á mynd 9 má sjá afstöðu örnefnanna tveggja, sem liggja mjög nærri hvoru öðru, við kirkjuna.

Þess má geta að leiðið var allt lagað til og girt árið 1979 og legsteinn með ártalinu 1008 settur ofan á það (sjá myndir 10 og 11) en það er árið sem Guðrún á að hafa flust til Helgafells („Minnisvarði á leiði Guðrúnar Ósvífursdóttur“ 1979, 11).



Mynd 9: Á kortinu sést að Ábótastofan er mjög nálægt leiði Guðrúnar. Hermann Jakob Hjartarson gerði kortið með loftmynd frá Landmælingum Íslands.



Mynd 11: Leiði Guðrúnar. Á því stendur „Guðrún Ósvífursdóttir. 1008“. Mynd tekin af höfundi.



Mynd 10: Umbúnaður leiðisins eins og hann lítur út í dag. Mynd tekin af höfundi.

Segja má að eftir Guðrúnu séu í raun engar áþreifanlegar minjar varðveittar með vissu. Minningin um hana lifir hinsvegar og sú kenning að hún hafi verið fyrsta einsetukonan á Íslandi. Bendir það til þess að við ritun Landnámu og Laxdælu hafi einseta og einsetufólk verið þekkt. Lifnaðarháttum hennar í einsetu er ekki lýst að miklu leyti nema litið sé svo á að völvu-atvikið (sjá tilvísun bls.17) hafi gerst eftir hvarf hennar til einsetu. Það að virkur aðili í frásögninni sé ekki Guðrún gæti bent til þess að hún hafi þá þegar verið búin að draga sig í hlé í einsetu.

## Guðríður Þorbjarnardóttir 980 – 1050, Glaumbær/Reynistaður

Guðríður Þorbjarnardóttir hefur verið kölluð hin víðförla og fylgja henni miklar sögur. Hún á fyrst Íslendinga að hafa fætt barn í Vínlandi, Snorra Þorsteinsson, auk þess að hafa farið í pílgrímsferð til Rómar. Mest er fjallað um hana í *Grænlandinga sögu* en einnig dálítið í *Eiríks sögu*.

„Þú munt utan fara og ganga suður og koma út aftur til Íslands og bús þíns og þá mun þar kirkja reist vera og muntu þar vera og taka nunnuvígslu og þar muntu andast“ (Eyrbyggja saga 1935, 260).

„... og er Snorri var kvongaður þá fór Guðríður utan og gekk suður og kom aftur til bús Snorra sonar síns og hafði hann þá látið gera kirkju í Glaumbæ“ (Eyrbyggja saga 1935, 269).

Í Grænlandinga sögu er að finna ummæli sem vísa til þess að spádómurinn um hana hafi ræst: „Síðan varð Guðríður nunna og einsetukona og var þar meðan hún lifði“ (Eyrbyggja saga 1935, 269).



Mynd 12: Mynd frá fornleifauppgrefti að Glaumbæ (Steinberg J.M. 2003. Sótt 15. ágúst).

Í Eiríks sögu rauða segir hinsvegar um örlög Guðríðar að: „... annað sumar eftir fór Karlsefni til Íslands og Guðríður með honum og fór hann heim til bús síns í Reynisnes. Móður hans þótti sem hann hefði lítt til kostar tekið og var hún eigi heima þar hinn fyrsta vetur. En er hún reyndi að Guðríður var skörungur mikill fór hún heim. Og voru samfarar þeirra góðar“ (Eyrbyggja saga 1935, 236). Nýverið kom út meistararitgerð

eftir Sigríði Þorsteinsdóttur þar sem hún kryfur sögurnar báðar

til mergjar og allt er tengist Guðríði. Hún segir um endalok hennar að líklegast hafi

Guðríður aldrei búið að Glaumbæ þar sem ekki séu til ritaðar heimildir um kirkja þar fyrir en á 14. öld (Sigríður Helga Þorsteinsdóttir 2013, 35-36). Þó svo að ritaðar heimildir hafi ekki fundist um kirkju að Glaumbæ hafa þó fundist minjar víkingaaldarskála við fornleifakönnun sem tengdur hefur verið við Guðríði og Snorra son hennar á grundvelli aldursgreininga. Skálinn virðist hafa verið í byggð rétt eftir árið 1000 og yfirgefinn fyrir 1104 e. Kr. (Steinberg 2003). Það sem helst rennir stoðum undir búsetu Guðríðar að Reynistað er vera afkomenda hennar þar allt fram til 13. aldar (Kirkjur Íslands 5 2005, 132). Heimildir um upphaf og aldur Reynistaðakirkju eru hins vegar einnig óskýrar því engir máldagar sóknarkirkjunnar þar eru varðveittir, heldur aðeins skjöl er varða Reynistaðaklaustur. Guðmundur Arason hefur af sumum verið talinn fyrstur Reynistaðapresta, en það er allsendis óvíst (Kirkjur Íslands 5, 2005, 134). Þá benda heimildir til þess að þar hafi hann verið rétt fyrir 1200 (sjá bls. 28). Þá virðist kirkja hafa verið þar í einhvern tíma, en hvort hún hafi staðið þar 150 árum fyrir verður að teljast alveg jafn óvíst og það að kirkja hafi þá staðið við Glaumbæ.

Samkvæmt annarri frásögninni um Guðríði bjó hún á Reynistað með eiginmanni sínum og átti soninn Þorbjörn. Samkvæmt hinni bjó hún með syni sínum Snorra að Glaumbæ og eyddi elli sinni þar í einsetu. Ekki er annað séð en að báðar frásagnir geti verið réttar. Guðríður kann að hafa flust með



Mynd 13: Skilti á Glaumbæ sem vekur athygli á hlut Guðríðar í sögu staðarins. Mynd tekin af höfundi.

Karlsefni að Reynistað en í elli sinni að Glaumbæ til Snorra sonar síns og sest þar að í einsetu. Þorbjörn, annar sonur Guðríðar, hefur getað hafa búið að Reynistað og niðjar þeirra Guðríðar og Karlsefnis fram til 13. aldar. Anna Sigurðardóttir nefnir þennan möguleika í bók sinni um nunnuklaustrin tvö á Íslandi *Allt hafi annan róm áður í páfádóm* (1988, 186).

Einsetu Guðríðar er annars aðengu lýst, hvorki eðli hennar né í hvers kyns húsakynnum hún bjó. Frásagnir um einsetu hennar kunna því að vera ýkjur, ætlaðar til þess að undirstrika uppruna niðja hennar, meðal hverra voru fjórir biskupar (Eyrbyggja saga 1935, 9).

## **Hildur nunna** **d. 1159, Kolbeinsdalur/Hólar**

Eftir kristnitöku árið 1000 eru fimm einstaklingar sagðir lifa í einsetu í heimildum. Einn þeirra er Hildur nunna frá Hólum í Hjaltadal.

... Þá hinn sæli Jón biskup réð fyrir Hólastað, þá réðust þángat margir siðlátir menn, bæði karlmenn ok svo konur ... réðst sá maðr, sem fyrr var getið, er nefndr er Hámundr prestr Bjarnarson, ok með honum frændmær hans, er Hildr hét, úng at aldri en hrein at líkama, en lítilát í verki, mild í hugskoti, fögr at álitu en fegri at trú; því at svo var trúa hennar mikil, at hún fýstist þegar á unga aldri einsetulífs, ok það kostgæfilega hinn sæla Jón biskup, at hann léti henni einni saman hús gjöra ok vígði hana til nunnu. Hun það ok frænda sinn ok fóstura, at veita sér fulltíng til þessa, at biskup léti þetta eptir henni. En þessa bæn fékk hún ei af þeim, því at þeir þorðu ei til at hætta, hvort hún fengi haldit svá brattri fyrirætlan. Ok er hún náði því ei, er hún fýstist, þá hverfr hún í burt um haustið einn hátíðisdag eptir messu leyniliga, ok leitar sér eyðistaðar. Þá var at henni leitað, ok fannst hún hvergi á staðnum heima ok eigi á næstum bæjum, ok undruðust þetta allir; var þat ok sumra manna ætlan, at hún mundi hafa misst vits síns bráðliga ok hlaupit á ána er skammt var frá staðnum, eðr fyrirfarit sér með öðrum skjótum atburð. En er þetta heyrði ein vitr kona, er Guðrún Daðadóttir hét, móðir Íngunnar, er fyr var getið, þá mælti hún: „ei skulu þér ætla svá heimskliga um systur vora Hildi, því at hún kom til vor snemma í morgun, segi ek yðr satt, at hún bar ei óra í augum, heldr þekk guðlegri miskun. Trúi þér því, er ek segi yðr, því at fjarri mun hún reynast, sem þér ætluðut“. Hennar var vant nokkura daga; þá sögðu konur þær, er farit höfðu áðr um sumarit til berja í Kolbeinsdal ok hún með þeim Hildr, at hún hefði þar mælt fyrir þeim, at þar þætti henni vera byggiligt þeim manni, er einsetulíf halda vildi; sagði berin vera gnóg að eta, og hin skírstu vötn at drekka, ok gnógt hellagrjót, at gjöra sér af herbergi. ... því fara menn skyndiliga til þess staðar, sem konurnar höfðu til berjanna farit, ok fundu þar skjaldmey drottins vopnaða með bænum, ok búna til bardaga móti fjandanum ok hans flokkum, ok brynjaða með heilagri trú, en hjálmaða með voninni, ok skjaldaða með psálma saungvum. Hún hafði þar gjört sér eitt lítið skygni af hellum, ok hafði hún lesit sér mikil ber til fæðslu. Henni var þá fylgt heim á staðinn ok fögnuðu allir menn hennar aprtkomu, ok náði hún þá því, er hún hafði lengi girnzt, því at þá lét hinn sæli Jón biskup gera henni eitt lítið hús, áfast aunghúsi, fyrir sunnan kórin, ok horfðu suðr á dyrin, ok vígði hann hana til nunnu og vígði henni þenna kofa til at byggja, ok lifði hún þar sitt líf í elli ok þjónaði guði þar nótt ok dag, með föstum ok bænum. En þá er hinn sæli Jón biskup andaðist, þá hlauzt svo til, at hann var grafinn gegnt kofanum (Biskupa sögur I 1825, 203-205).

Einnig fylgja Hildi tvær jarteinasögur. Önnur þeirra er um það þegar Hildur verst músagangi með bænum og draugur Jóns biskups kemur henni til bjargar. Hin er um það þegar Hildur verður vitni að því að draugar og hræðilegir skuggar ráðast að



Guðrúnu nokkurri kirkjukerlingu og ákallar hún þá draug Jóns biskups á ný (Biskupa sögur I 1856, 205-207).

En þenna atburð sagði hún fámm mönnum, því at Hildr vildi vera fráskila allri fjölmælg, eptir þat er hún hafði í einsetu gengit; en kirkjukerling var fjölmálug, ok fyrir því var þat í flestra manna vitorði, sem henni var til handa; en Hildr nunna sagði sem fæstum frá. Oddnýju Knútsdóttur sagði hún frá, en Oddný sagði frá Guðlaugi múk Leifssyni, er þessa sögu hefir samansett (Biskupa sögur I 1856, 207).



Mynd 14: Horft inn í Kolbeinsdal. Mynd tekin af höfundum.

Sögn þessi er endurtekin í kafla Gunnlaugs munks í *Biskupa sögum I* og hljóðar næsta eins. Atriði er varða landfræðilegar staðsetningar eru þessi:

...setu líf, ok bað sælan Johannem biskup, at hann léti göra henni einni saman hús, ok vígði hana til nunnu, guði at þjóna; bað hon ok frænda sinn, fyrnefndan ráðsmann, at veita sér fulltíng til at þetta mætti fullgörast. En þessa bæn fékk hon eigi af þeim, þvíat þá uggði um, at hon, barn at aldri, sakir úvinarins umsáta ok kvennligs breyskleika, mundi eigi fram geta haldit þessarri háleitri fyrirætlan ... Hon hafði þá gört sér eitt lítið hreysi af hellnagrjóti, er dýrðligra var fyrir guði en kurteisar konungahallir, en lesit sér ber í nóg til fæðu ... Náði hon þá því, sem hon hafði lengi beðit, þvíat hinn sæli Jon biskup lét göra henni lítið hermitorium áfast sönghúsinu fyrir sunnan, ok horfðu dymar til suðrs, vígjandi hana til nunnu, ok helgaði guði til þjónustu .. hann var nær einsetuklefanum Hildar grafinn (Biskupa sögur I 1856, 245).

Svo er hér sagt, at einsetukona Hildr lifði frá dögum Jóns biskups og til þess er Björn biskup Gilsson hafði verit biskup xij vetr, er hinn þriði réð fyrir Hóla biskupsdæmi. Hún hafði alla stund lífs síns himneska atferð hér í

Þessum heimi. Sýndist ok þat hér í þessum heimi á hennar yfirbragði, at hún bar heilags anda gipt í sínu brjósti, því at hún var jafnan blíð ok mjúklynd ok hafði dúfu einfeldi. Hún lærði siðlátar konur, þær er komu til hennar í hljóði. Hún fósttraði ok snauðan svein, þann er Ketill biskup veitti, er Þórólfr hét, ok kendi honum psaltara; ok þá er hún tók at eldast mjök, ok hún mátti eigi fyrir frosts sakir ok kulda vera í kofa sínum á vetrinum, þá var henni fengit varmahús ok þjónaði henni ein kona. Hún lét tjald eitt hánga yfir sér, til þess er hún sæi ei þá menn, er í húsit gengi; en hún mælti aldrei veraldlegt orð eðr gálaust; en hvat sem hún þurfti nauðsynligt at hafa, þá beiddi hún þess með bendíng eðr hljóðum orðum. Hún fyllti daga sína í góðri elli hinn v. dag Martii mánaðar, ok andaðist ok fór þá til guðs ... ber nú ok saman andlátsdag hennar ok upptekningardag hans [Jóns biskups] (Biskupa sögur I 1856, 207).



Mynd 15: Háaltarið í Hóladómkirkju. Mynd tekin af höfundu.

Áhugavert er að sjá á sögunni hversu eðlilegt einsetuformið virðist vera á tímum Hildar. Heimildir geta þess að í Englandi frá árinu 1236 hafi verið nauðsynlegt samkvæmt lögum að fá leyfi biskups til formlegrar einsetu, sem svo ráði staðsetningu einsetunnar (Darwin F.D.S. 1954, 53). Athyglisvert er að sjá að Hildur virðist þekkja til þessa siðar og sækist eftir viðurkenningu fyrir einsetu og því að Jón biskup velji henni stað.. Önnur atriði sem vekja athygli er kennslu- og uppeldishlutverk

hennar og það að þjónustukona búi með henni þó svo að hún sé í einsetu. Hverjar konurnar sem hún kenndi voru er á huldu og hvað það merkir að þær hafi komið til hennar „í hljóði“. Hvort það merki að Hildur hafi kennt þessum konum með bendingunum einum saman eða að þær sjálfar hafi lifað í hljóði rétt eins og Hildur er erfitt að túlka.

Staðháttum er lýst nokkuð nákvæmlega í *Biskupa sögum* og mögulega má staðsetja má út frá þeim að minnsta kosti annað heimili Hildar, það er á Hólum en ekki í Kolbeinsdal. Kolbeinsdalur er djúpur dalur og fullur af berjum og drykkjarhæfu

vatni og það gæti reynst vandasamt að staðsetja nákvæmlega rústir „lítills kofa“ þar. Þó er vitað hvar Hólakirkja stóð á þessum tíma, sú sem reist var af Jóni Ögmundssyni árið 1106 en hún stóð nokkru norðar og vestar en núverandi kirkja. Magnús Már Lárusson tók saman byggingarsögu Hólakirkju en samkvæmt hans heimildum má áætla að einsetuklefi Hildar hafi staðið um það bil rétt utan við norðurvegg núverandi kirkju í austri eða undir honum. Gröf Jóns biskups gæti þá legið undir núverandi altari. Hefur Magnús einmitt orð á því að meginástæða fyrir færslu kirkjunnar austar og sunnar gæti verið sú, að óskað hafi verið eftir að setja háaltarisstað kirkjunnar á þann stað sem Jón helgi var fyrst jarðsettur (Magnús Már Lárusson 1960).



Mynd 16: Norðaustur horn Hóladómkirkju. Höfundur stendur þar sem einsetuklefi Hildar kann að hafa verið. Mynd tekin af Steinunni Kristjánsdóttur.

## **Gróa Gissurardóttir d. 1160, Skálholt**

Önnur biskupsdóttir en Hildur er sögð hafa lifað í einsetu. Það er Gróa dóttir Gissurar Ísleifssonar biskups í Skálholti.

„Gróa, dóttir hans [Gissurs biskups], lifði eptir hann, ok var gipt Katli Þorsteinssyni“ (Biskupa Sögur I 1856, 70).

„Gróa lifði ok lengi síðan, ok varð nunna, ok andaðist í Skálaholti á dögum Klængs biskups“ (Biskupa Sögur I 1865, 71).

Gróa er merkileg fyrir þær sakir að hún er bæði dóttir og ekkja biskups og þar af leiðandi nokkuð hátt sett í samfélaginu. Hún er nefnd nunna en þar en ekkert klaustur var í Skálholti er hún talin hafa lifað í einsetu. Það að kvenmaður af svo göfugum ættum kjósi líf í einsetu hlýtur að benda til þess að einseta hafi þótt fýsilegur kostur og merkilegur lífsmáti, enda ekki á allra færi. Það er vel þekkt utan Íslands að dætur biskupa kusu að lifa í einsetu og á Íslandi eru til heimildir fyrir því að það hafi þótt virðingarvert og góður kostur fyrir konur að taka nunnubúning og hlaut það álit að eiga við einsetulífnað jafnt sem klausturlífnað (Anna Sigurðardóttir 1988).

## **Björn einsetumaður 1198, Þingeyrar/Reynistaður**

Aðeins eru til heimildir um einn karlkyns einsetumann á Íslandi eftir kristnitöku. Sá hét Björn. Á hann er minnst í Jarleinabók Þorláks biskups:

„Kolþerna hét kona, móðir Bjarnar einsetumanns at Þingeyrum“ (Biskupa sögur I 1856, 365).

Kolþerna sú slasaðist sumsé á hendi en varð heil daginn eftir við það að heita á Þorlák biskup. Ekki fer frekari sögum af henni en skoða má nánar þá staði sem kenndir eru við Björn. Björnshólmi á Ysta-stykki liggur í um tveggja klukkustunda göngufjarlægð frá Þingeyrum þar sem Víðidalsá rennur út í Hópið. Það er eina skráða örnefnið í nágrenni Þingeyra sem tengja mætti við Björn eða einsetu en því fylgir engin frásögn (Örnefnasafn: Stóra-Borg, 2).



Mynd 17: Útsýni til Bjarnhattar á Reynistað. Mynd tekin af höfundu.

„En Hús þat, er þú mátt seá,  
fagrt ok hátt, ok heyrir ekki  
þangat, því at þar er hljótt, þat á  
Björn einsetomaðr at Þingeyrom.  
En annat hús þar heá, hátt ok  
göfuglikt, þangat mantu heyra söng  
fagran ok hljóð mikit ok dýrðlikt,  
þat á Guðmundr prestr Arason“  
(Biskupa sögur I 1856, 454).

Þessi tilvísun er tekin upp úr Rannveigarleiðslu, eins konar spádómi sem sennilegast má rekja til ársins 1198 ( Biskupa Sögur I 1856, LIX). Það er sama ár og Guðmundur Arason bjó hjá Kolbeini Arnórssyni á Reynistað í Skagafirði en ekki að Þingeyrum (Sturlunga Saga I 1988, 176).

Þannig virðist Björn ekki búa að Þingeyrum á þessum tíma samkvæmt Rannveigarleiðslu heldur Reynistað. Á Reynistað má finna örnefnið Bjarnhöttur, sem

er hár hóll nærri bænum sjálfum og talinn er vera álagablettur. Munnmæli segja að í honum sé grafið skip eða kista með gulli og gersemum (Guðmundur St. Sigurðarson *et al.* 2006, 40-41).

Hafi Björn búið að Reynistað en ekki Þingeyrum er skiljanlegt að honum hafi verið veitt heimilisfang að Þingeyrum í síðari afskriftum Biskupasagna þar sem þar stóð þá klaustur, en ekki að Reynistað (Janus Jónsson 1887, 182, 251). Þó verður hér álitíð sem svo að Björn hafi búið að Þingeyrum þar sem síðari heimildin kveður ekki skýrt á um staðsetningu heldur bendir eingöngu til hennar. Ekki er fjölyrt frekar um einsetu Björns í textanum en engin ástæða er þó til annars en að ætla að hann hafi verið einsetumaður.

## Úlfrún um 1200, Þingeyrar

Dæmi um einsetukonu sem lifði við klaustur er Úlfrún sem einnig bjó á Þingeyrum þó svo að þar væri munkaklaustur en ekki nunnuklaustur.

„Úlfrún hét hin siðlátasta kona á Þingeyrum, ok var lengi þar í einsetu“ (Biskupa sögur I 1856, 368)

“... at Þingeyrum, þar var nunna ein góð, hon var einsetokona, hon var skynsöm; hon hét Úlfrún, hon var móðir Simonar prests ens mikla. Hon hélt svá ríkt einseto sína, at hon vilde eige, at son hennar kveme til hennar, svá at hon sée hann, þá er hann sótte hana heim. Hon segir svá biskupsefne [Guðmundi Arasyni], at Maria hafðe þat vitrat henne, at guð ok hon velde, at hann vere biskup...” (Biskupa sögur I 1856, 478).

Einsetuformið var greinilega vel þekkt á þessum tíma hvort sem Úlfrún hefur verið til eða ekki. Vafamál er aftur á móti um það hver Símon prestur mikli var Af frásögninni af Úlfrúnu má eigi að síður ráða að einsetufólk hafi þótt heillvænlegt og notið virðingar.



Mynd 18: Útsýni til Þingeyraklausturskirkju á Þingeyrum. Mynd í eigu Guðmunds Ólafssonar.

## **Katrín abbadís** **d. 1299 Munkaþverá**

Katrín er sögð hafa verið í einsetu við munkaklaustrið að Munkaþverá áður en hún varð abbadís í nunnuklaustrinu að Reynistað.

„Þann sama vetr, er systir Katrín, er síðan var fyrst, ok þó langa tíma síðan, abbadís at Stað í Reynisnesi, var at Þverá, ok hún hafði tekit hreinlífis búníng...“ (Biskupa sögur I 1856, 375)


Katrín þessi, er var í hreinlífisbúningi nærri eða í munkaklaustrinu að Þverá, sem þá stóð þar, tók samkvæmt heimildum síðar við sem fyrsta abbadís Reynistaðaklausturs, vígð 1298 eða 99 (Islandske annaler 1888, 72, 198, 339, 386). Til er saga af Katrínu sem segir að hún hafi eitt sinn veikst í augum svo mjög að það truflaði lestur hennar á heilögum bókum og saltaranum. Hét hún þá á Þorlák biskup að hann skyldi hjálpa henni til heilsu og fékk sjónina aftur eftir að hún hafði riðið til Skálholts næsta blind undir hans forsjá (Janus Jónsson 1887, 251)

Sama ár eða ári eftir að Katrín var vígð til abbadísar var Hallbera Þorsteinsdóttir vígð í hennar stað. Um þá konu er enn sagt að hún hafi sett nunnuklaustrið ásamt Jörundi biskupi árið 1295 (Islandske annaler 1888, 199, Páll Eggert Ólason 1893, 398). Aðrar heimildir segja hinsvegar að Hallbera hafi eingöngu verið ein margra kvenna sem fram lögðu fé til klaustursins (Janus Jónsson 1887, 252). Vegna þess að heimildum skarar um ártöl sem varða fyrstu ár Reynistaðaklausturs telja sumir fræðimenn að Katrín og Hallbera séu í raun sama manneskjan. Samkvæmt því á Hallbera Þorsteinsdóttir að hafa tekið nafn dýrlingsins Katrínar við undirbúning fyrir störf sín sem abbadís þ.e. þegar hún tók hreinlífisbúninginn. Vilja menn meina að athöfn sú hafi farið fram í munkaklaustrinu við Þverá og að þaðan sé sögnin um Katrínu einsetukonu komin. Hallbera þessi á að hafa starfað allt til ársins 1330 (Ármann Jakobsson og Ásdís Egilsdóttir 1993, 7-9). Sé það rétt er ekki grundvöllur til þess að áætla að Katrín hafi í raun verið einsetukona. Ef Katrín og Hallbera eru aftur á móti ekki sama manneskjan getur verið að Katrín hafi verið í einsetu áður en hún varð abbadís en algengt var í Evrópu að fólk sem lifði í einsetu flytti síðan í klaustur (Anna Sigurðardóttir 1988).



## Niðurstöður

Helsta niðurstaða rannsóknarinnar er sú að greinilegt er að nægar heimildir virðast vera fyrir hendi til þess að fullyrða að trúarleg einseta hafi verið stunduð á Íslandi fyrr á öldum. Getið er um níu einstaklinga, fjóra karla og fimm konur. Af þessum níu einstaklingum bjuggu allir karlarnir nema einn, Björn, við eða nálægt bæjum en eingöngu tvær konur, Guðrún og Guðríður. Af hinum konunum bjuggu tvær við dómkirkju og tvær við klaustur þó Hildur nunna hafi búið í afskekktum dal fyrst um sinn. Svo virðist því sem að einsetan færist frá bæjunum til kirkjustofnana með tímanum<sup>5</sup>.




Mynd 19: Staðsetninga einsetumanna. Grænir punktar tákna einsetufólk, bláir klaustur og stjórnurnar merkja biskupsstóla. Kort eftir höfund á Íslandskort frá Landmælingum Íslands.

Fyrst um sinn virðist einsetufólk verða fyrir áreiti að hálfu ókristinna aðila, sbr. Sögurnar af Ásólfvi og Mána. Eftir kristnitöku má hinsvegar greina breytingar hvað þetta varðar því Guðríður og Guðrún virðast njóta virðingar fyrir trúfestu sína. Eftir að kristni kemst í fastari skorður er minna af upplýsingum að fá um einsetufólk, að undanskildum heimildum um Hildi. Í lýsingum af henni virðist sem að einsetuformið

<sup>5</sup> Sé álitíð sem svo að Björn hafi búið á Reynistað mætti auki þess færa rök fyrir þeirri tilhneygingu að karlarnir hafi sótt í einsetu við bærarstæði en konurnar nær kristilegum miðstöðvum.

sé komið í nokkuð fastar skorður. Það hefur þá færst nær biskupssetrum og klaustrum þar sem ætla mætti að meiri samskipti séu við erlendar stofnanir. Endurspeglast það t.d. í vígsluathöfnum sem virðast nauðsynlegar fyrir einsetuformið, samskipti við biskup og þátt hennar í kennslu. Þar að auki býr Hildur með þjónustukonu, sem er í samræmi við þróun einsetulifnaðar í Evrópu á þessum tíma. Ennfremur er þögn hennar sérstaklega undirstrikuð en þögnin var álitin helsta vörn fólks í einsetu gegn veraldlegum freistingum annarsstaðar í Evrópu (Darwin F.D.S. 1954; Hughes-Edwards M. 2012). Upplýsingar um annað fólk í einsetu á þessum tíma eru á hinn bóginn frekar fátæklegar. Það má mögulega tengja við þagnarskyldu einsetunnar. Þess má geta að sérstaklega er tekið fram í frásögninni af Hildi að sögur af henni hafi ekki komið frá henni sjálfri, heldur Guðrúnu krikjukerlingu sem sagt er í *Biskupa sögum* að hafi verið heldur „fjölmálug“ (Biskupa sögur I 1856, 207).

Einseta virðist vera öflugt vopn í sköpun kristilegs minnis og hlýtur það að endurspegla álit þjóðfélagsins á fyrirbærinu. Fólk í einsetu þykir merkilegt og virðingarvert. Það má til dæmis lesa úr þjóðsögum um Ásólf, orðum Úlfrúnar til Guðmundar góða, kennsluhlutverki Hildar nunnu og abbadísarstöðu Katrínar. Þá virðist einsetulifnaður á Íslandi vera nátengdur einsetulifnaði í Evrópu því formið er það sama. Mestur skyldleiki var við Írland til að byrja með og virðast áhrif þaðan vera sterk allt fram til um 1100 þegar írskt einsetuform verður miðstýrðara en áður fyrir áhrif austar úr Evrópu. Þá verður meiri áhersla á huglæga einsetu og samfélagsaðstoð og kann tilfærsla einsetufólks á Íslandi til alþjóðlegri stofnana að endurspegla þessa þróun.



Mynd 20: Tímaás eftir ártölum e. Kr. Eftir höfund.

Það sem helst virðist skilja einsetulifnað á Íslandi frá öðrum löndum er að hann virðist leggjast niður um 1200, að undanskilinni Katrínu sem mögulega var í einsetu rétt fyrir 1300. Hvers vegna hann tíðkast ekki lengur en það er óvíst en hér verður talin líkleg skýring að með tilkomu nunnuklaustra árið 1186 og munkaklaustra 1133 eða fyrr hafi einsetufólk fært sig alfarið, eða að miklum hluta, inn fyrir veggja klaustranna (Janus Jónsson 1887, 236, 182, 179). Þá má geta þess að einsetufólk á Íslandi virðist lifa í sér byggingum bæði fyrr og síðar þó svo að hús þeirra hafi staðið við stærri byggingar. Aldrei er talað um búsetu innan veggja klaustranna eða kirkja þó það hafi tíðkast í Evrópu ( Darwin 1954; Hughes-Edwards 2012).

## Umræður

Margt kom á óvart við vinnu verkefnisins og helst hversu sjálfsögð trúarleg einseta hefur þótt fyrr á tíðum á Íslandi. Stafar það kannski einna helst af því hversu lítið hefur verið skrifað um fyrirbærið og hversu lítið það hefur verið rannsakað. Ekki var búist við því að rannsóknin myndi skila sér í svo miklum efnivið sem þessum.

Heimildir sem fjalla um einsetufólk eru mismiklar, eins og sést hefur, og er forvitnilegt að velta því fyrir sér hvað valdi. Drýgstar heimildir var að finna um fyrstu einsetumennina, Ásólf og Mána og svo Hildi biskupsdóttur á Hólum. Heimildirnar sem tengjast Ásólf, Mána og Guðrúnu hljóta að tengjast vilja til þess að skapa sterkt kristilegt minni en málstaður Hildar hlýtur að vera annar þar sem kristilegt minni er þegar til staðar á Hólum. Hér verður því kastað fram að heimildirnar um Hildi tengist vilja annarra til þess að tengja sig við hana. Í því samhengi mætti áætla að það hafi verið kirkjunnar mönnum í hag að eiga einsetufólk fyrir ættingja. Þá hefur verið þeim hagstætt að skrifað væri um þá. Þá má að sama skapi rekja almennan heimildaskort um einsetufók til þess að veraldlegum höfðingjum hafi ekki þótt jafn heillvænlegt að missa dætur sínar til einsetu.

Fróðlegt væri að rannsaka efniviðinn enn frekar bæði í stærra samhengi sem og smærra. Sérstaklega væri upplýsandi að gera fornleifafræðilega rannsókn á efnislegum leifum einsetufólksins. Með þeim væri mögulega hægt að sjá hvers vegna einsetulifnaður virðist leggjast hér á landi fyrr en víðast í Evrópu.

## Heimildaskrá

- Adolf Friðriksson (2002). *Fornleifar í Innri-Akraneshreppi*. FS169-00031. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1999). *Akranes. Fornleifaskrá*. FS066-97052. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Anna Sigurðardóttir (1988). *Allt hafði annan róm áður í páfadóm*. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands.
- Ármann Jakobsson og Ásdís Egilsdóttir (1993). „Abbadísinn sem hvarf“. Í *Dúsund og eitt orð sagt Sigurgeiri Steingrímssyni fimmtugum 2. október 1993*. Reykjavík: Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns* (1926). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn.
- Biskupa Sögur I* (1856). Kaupmannahöfn: Hið íslenska Bókmenntafélag.
- Brynjúlfur Jónsson (1905). „Enn um hella“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1905*, bls. 23.
- Church M.J. *et al.* (2013). „The Vikings were not the first colonizers of the Faroe Islands“. Í Wallace C.M. (ritstj.) *Quaternary Science Reviews vol. 77*, bls. 228-232.
- Darwin F.D.S. (1954). *The English Medieval Recluse*. London: SPCK.
- Einar Gíslason (1856). „Örnefni nokkur að Helgafelli“. Í *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Eyrbyggja saga* (1935). Íslensk fornrit IV. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Finnur Jónsson (1778). *Historia Ecclesiastica Islandiae IV*. Kaupmannahöfn: Havniae.
- Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. (1990) Ágúst G. Ólafsson tók saman. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Guðmundur St. Sigurðarson *et al.* (2006). *Fornleifaskrá Reynistaðar*. Sauðárkróki: Byggðasafn Skagfirðinga.
- Haraldur Hannesson *et al.* (ritstj.) (1988). *Fegurð Íslands og fornir sögustaðir. Svipmyndir og sendibréf úr Íslandsför W. G. Collingwoods 1897*. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.

„Helgafellshjónin“ (1915, 1. okt). *Óðinn*, bls. 53.

Herbert McAvoy L. (2011). *Medieval Anchoritisms. Gender, space and the solitary life*. Bretlandi: D. S. Brewer.

Hjalti Hugason (ritstj.) (2000). *Kristni á Íslandi I. bindi. Frumkristni og upphaf kirkju*. Reykjavík: Alþingi

Hughes-Edwards M. (2012). *Reading Medieval Anchoritism. Ideology and Spiritual practices*. Cardiff: University of Wales Press.

*Íslandske annaler indtil 1578* (1888). Udgivne for det norske historiske Kildeskriftfond. Kristjaníu: Grøndahl & Søns Bogtrykkeri.

*Íslendingabók/Landnámabók. Fyrri hluti* (1968). Jakob Benediktsson (ritstj.) Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

*Íslenzkt Fornbréfasafn II* (1893). Kaupmannahöfn: Hið íslenska Bókmenntafélag.

*Íslenzkt Fornbréfasafn III* (1896). Kaupmannahöfn: Hið íslenska Bókmenntafélag.

Jakob Orri Jónsson (2010). „*Þeir es Norðmenn kalla papa.*“ *Ritgerð í papa-fræðum til BA prófs í fornleifafræði*. Háskóli Íslands, Hugvísindasvið: óbirt ritgerð til BA-prófs í fornleifafræði. <http://hdl.handle.net/1946/4988>.

Janus Jónsson (1887). „Um Klaustrin á Íslandi“. Í (ritstj. óþekktur) *Tímarit Hins íslenska Bókmenntafélags*, bls. 174-265. Reykjavík: Hið íslenska Bókmenntafélag.

Jón Stefánsson (1898). „Leiði Guðrúnar Ósvífrsdóttur“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1898*, bls. 39-40.

Jón Stefánsson (1949). *Úti í heimi. Endurminningar Dr. Jóns Stefánssonar*. Reykjavík: Bókfellsútgáfan.

Kålund K (1985). *Íslenskir sögustaðir*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

*Kirkjur Íslands 5* (2005). Jón Torfason og Þorsteinn Gunnarsson (ritstj.). Reykjavík: Hið íslenska Bókmenntafélag og Þjóðminjasafnið.

Kristín Jóhannsdóttir (1991). *Skjaldmey drottins. Frásögn af Hildi einsetukonu í Jóns sögu helga*. Háskóli Íslands, Hugvísindasvið: óbirt ritgerð til BA-prófs í íslensku.

Kristján Ahronson (2002). „Testing the evidence for northernmost North Atlantic papir: A cave site in southern Iceland“. Í Crawford, Barbara E. (ritstj.), *The Papir in the North Atlantic: Environment and History*, bls. 107-120. St. Andrews: University of St. Andrews.

- Kristján Eldjárn (1989). „Papey. Fornleifarannsóknir 1967-1981“ Guðrún Sveinbjarnardóttir bjó til prentunar og samdi viðauka. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1988*, bls. 35-188.
- Landnámabók Íslands* (1925). Udgiven efter de gamle håndskrifter af det Kongelige nordiske oldskriftselskab til minde om dets hundrede år 1825-1925 . Finnur Jónsson (ritstj.). København: H. H. Thieles bogtrykkeri.
- Laxdæla saga* (1934). Íslensk Fornrit V. Einar Ól. Sverrisson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska Fornritafélag.
- Leask, H. G. (1977). *Irish Churches and Monastic Buildings I The First Phases and the Romanesque*. Írlandi.
- Magnús Már Lárusson (1960). „Auðunn Rauði og Hólakirkja“. Í Kristján Eldjárn (ritstj.) *Árbók hins íslenska fornleifafélags*. Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag.
- Minnisvarði á leiði Guðrúnar Ósvífursdóttur (1979, 4. jan). *Morgunblaðið*, bls. 11.
- Páll Eggert Ólason (1949). *Íslenskar Æviskrár II*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sigríður Helga Þorsteinsdóttir (2013). *Biskupamóðir í Páfagarði. Mynd Guðríðar Þorbjarnardóttur í skáldskap og veruleika*. Háskóli Íslands, Hugvísindasvið: óbirt ritgerð til MA-prófs í íslenskum fræðum. <http://hdl.handle.net/1946/13779>.
- Skarðsárbók* (1966). Jakob Benediktsson (ritstj.) (2. útgáfa). Reykjavík. Hið íslenska fornritafélag.
- Steinberg J. M. (2003). „The Viking Age Long-House at Glaumbær Skagafjörður“. Í *Antiquity* 77, 295. tbl. Sótt 27. ágúst 2014 <http://antiquity.ac.uk/ant/077/295/Default.htm>
- Stulunga Saga I* (1988). Örnólfur Thorsson (ritstj.). Reykjavík: Svart á hvítu.
- Þorvaldur Steinason (1968). „Kringum Akrafjall“ í *Tíminn Sunnudagsblað*, bls. 882-886, 37. tbl.
- Örnefnasafn: Ásólfsskálatorfan. Rangárvallasýsla, Vestur-Eyjafjallahreppur. Þorður Tómasson skráði.
- Örnefnasafn: Helgafell. Helgafellssveit, Snæfellssýsla. Þorleifur Jóhannesson skráði.
- Örnefnasafn: Holt á Ásum. Austur-Húnavatnssýsla. Torfalækjahreppur. Athugasemdir skráðar af Birni Kristjánssyni.
- Örnefnasafn: Innri-Hólmur. Borgarfjarðarsýsla, Innri-Akraneshreppur. Ari Gíslason skráði.

Örnefnasafn: Stóra-Borg. Vestur-Húnavatnssýsla, Þverárhreppur. Guðrún Karlsdóttir  
skráði.

## Myndaskrá

Mynd 1: Miðskálaá.....	bls. 10
Mynd 2: Ásólfskálakirkja.....	bls. 11
Mynd 3: Innri-Hólmskirkja.....	bls. 12
Mynd 4: Innri-Hólmur, eyjan.....	bls. 12
Mynd 5: Gamli Holtsbærinn.....	bls. 15
Mynd 6 :Tóftir við gamla Holtsbæinn .....	bls. 16
Mynd 7: Helgafellskirkja .....	bls. 17
Mynd 8: Uppdráttur .....	bls. 18
Mynd 9: Kort af Helgafelli .....	bls.19
Mynd 10: Leiði Guðrúnar 1 .....	bls. 20
Mynd 11: Leiði Guðrúnar 2 .....	bls. 20
Mynd 12: Uppgröftur að Glaumbæ .....	bls. 21
Mynd 13: Skilti að Glaumbæ .....	bls. 22
Mynd 14: Kolbeinsdalur .....	bls. 24
Mynd 15: Háaltari í Hóladómkirkju .....	bls. 25
Mynd 16: Einsetuklefi Hildar.....	bls. 26
Mynd 17: Bjarnhöttur .....	bls. 28
Mynd 18: Þingeyrar.....	bls. 30
Mynd 19: Íslandskort .....	bls. 32
Mynd 20: Tímaás.....	bls. 33

**Dagsetning**

---

**Undirskrift nemanda**

---

**Undirskrift kennara**

---